

Lánasjóður íslenskra námsmanna

Ársskýrsla
2002–2003

Ársskýrsla

2002–2003

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Starfsreglur sjóðsins.....	5
Stjórn sjóðsins.....	5
Skrifstofa sjóðsins.....	6
Úthlutun.....	6
Jöfnunarstyrkur.....	8
Innheimtar greiðslur.....	8
Tölvudeild.....	9
Töflur.....	11
Útlán.....	11
Jöfnunarstyrkur.....	16
Innheimta.....	17
Breytingar á fjármálum LÍN árin 1996–2002.....	18
Lántökur.....	18
Útlán og fjárveitingar til LÍN 1996-2002.....	18
Fjárhagsstaðan.....	19
Ársreikningur 2002.....	21
Rekstrarreikningur árið 2002.....	21
Efnahagsreikningur 31. desember 2002.....	21
Skýringar með ársreikningi 2002.....	23

1. Inngangur.

Endurskoðaðar úthlutunarreglur fyrir skólaárið 2002–2003 voru samþykktar á fundi stjórnar 7. maí 2002. Með nýjum reglum var grunnframskiptun hækkuð um 8,6% eða úr 69.500 kr. í 75.500 kr. Tenging við tekjur maka var afnumin, nema í þeim tilvikum sem námsmaður sækir um lán vegna maka. Frítekjumark var 280.000 kr. og skerðingarhlutfall 40% eins og árið áður. Samtals hélt stjórn sjóðsins 14 fundi á árinu 2002.

Með vísan til samkomulags Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, Sambands íslenskra sparisjóða, Neytendasamtakanna og viðskiptaráðherra frá 1. nóvember árið áður um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga samþykkti stjórn LÍN endurbætur í innheimtumálum sjóðsins. Samþykkt var að færa eindaga nær gjalddaga, fjölga ítrekunum úr tveimur í þrjár og stytta tímann frá gjalddaga þar til vanskilakrafa er send til innheimtu hjá lögmonnum. Með breytingunni fær ábyrgðarmaður upplýsingar um vanskil mánuði fyrir en áður og tvær tilkynningar í stað einnar ef um ítrekuð vanskil er að ræða. Með flýtingu og fjölgun ítrekana var þó meginmarkmiðið að auka skilvísi lántakenda sjálfra og draga úr alvarlegum vanskilum þeirra.

Í nóvember var endurbótum í símsvörunarmálum frá árinu áður fylgt eftir með samningi við Skúlason ehf. um símsvörunarþjónustu. Tilgangur samningsins var að bæta þjónustu sjóðsins á mestu álagstímum, þ.e. í kringum helstu gjalddagana, þegar almennur frestur til að sækja um námslán er að renna út og í lok námsanna þegar beðið er eftir prófúrlausnum og útborgun lána. Með samningnum aðstoða starfsmenn Skúlasonar ehf. við móttöku og flokkun símtala, hjálpa til við að svara almennum fyrirspurnum og koma skilaboðum áleiðis í tölvupósti. Með samningnum hefur þannig bæði tekist að draga úr og dreifa álagi á starfsmenn sjóðsins.

Í desember var gert samkomulag við lögmannsstofurnar Legalis og Lögmenn Hafnarstræti um skil og lok innheimtukrafna í þeim tilvikum þegar ekki næst að innheimta kröfur sjóðsins að fullu og frekari innheimtuaðgerðir eru taldar árangurslausar. Þó að árlega verði ekki til mörg mál af þessum toga höfðu nokkur safnast upp og var því orðið brýnt að finna lausn til að ljúka málunum. Þessar stofur eða forverjar þeirra hafa annast lögmannsinnheimtu fyrir sjóðinn frá árunum 1990 og 1991.

Ríkisendurskoðun skilaði vandaðri skýrslu um innra eftirlit sjóðsins í lok ársins og var fjallað um niðurstöðurnar og viðbrögð við þeim í stjórn sjóðsins. LÍN hefur ekki á að skipa innri endurskoðunardeild og hafði stjórnin því óskað eftir að ástand innra eftirlits hjá sjóðnum væri kannað. Skýrslan var að nokkru leyti byggð á drögum að skýrslu sem unnin var á árinu 1998. Ríkisendurskoðun vann að verkefninu í samvinnu við starfsmenn sjóðsins og gerir í skýrslunni grein fyrir ástandi innra eftirlitsins almennt, en með megináherslu á ferli lánveitinga, þ.e. afgreiðslu- og innheimtuferli námslána. Í skýrslunni eru fáar beinar athugasemdir en fjölmargar ábendingar. Í framhaldinu var samþykkt að breyta verklagi á nokkrum sviðum en í flestum tilvikum var ábendingunum ætlað að nýtast við almenna stefnumörkun í rekstri sjóðsins og við töku ákvarðana um framfararskipan tölvumála.

Ekki síst með hagsmuni geiðenda sem búsettir eru erlendis í huga bauð sjóðurinn frá og með gjalddaganum 1. september upp á færslu afborgana á VISA og MasterCard kreditkort. Sérstakt samkomulag var gert við kortafyrirtækin og óskuðu tæplega 190 lánþegar eftir þessum greiðslumáta á árinu 2002, en viðbótarkostnaður lánþega er 1,25% af greiðslufjárhæð.

Vefsvæðið „Sent og svarað“ var tekið í notkun í september. Á ytri vef gefst viðskiptavinum sjóðsins færi á að senda sjóðnum fyrirspurnir eða athugasemdir. Almennt er leitast við að svara þeim sem fyrst og helst innan tveggja daga. Á innri vef (starfs-

mannavef) getur umsjónarmaður unnið og flokkað erindin með eða án þátttöku annarra starfsmanna. Svar er sent til fyrirspyrjanda en jafnframt birt á ytri vefnum ásamt erindinu. Þar eru nýjustu svörin birt í tímaröð en einnig hægt að nálgast einstök svör á grundvelli efnisflokunar eða leitarorðs.

Í þróun tölvuvinnslu var áfram unnið að yfirfærslu jöfnunarstyrkskerfisins í nýtt umhverfi og leitast við að ljúka fyrsta áfanga að uppsetningu upplýsinga- og skráningarmynda fyrir starfsmenn á innri vef sjóðsins. Til að auka öryggi í meðferð jöfnunarstyrksumsókna og sem fyrsta skref í undirbúningi að opnun heimasvæðis fyrir námsmenn var samið við Form.is um aðgangsstýringu að umsóknunum. Rafræn umsókn um styrkinn var þannig háð því að menn væru skráðir hjá Form.is og hefðu persónubundið lykilorð. Í námslánakerfinu var megináherslan á uppsetningu sjálfstæðs prentþjóns, flutning staðlaðra bréfa yfir á hann og á aukna möguleika til útprentunar án forprentunar. Þannig var t.d. hætt að prenta lánsáætlun sjóðsins á sérstök forprentuð eyðublöð um leið og framsetning hennar var einfölduð.

Í júní 2002 var hugbúnaðarþjónusta EJS hf. yfirfærð til dótturfélags að nafni Hugar hf. Breytingin hafði lítill merkjanleg áhrif enda sinntu sömu menn og áður viðhaldsverkefnum og hugbúnaðargerð fyrir sjóðinn.

Fjárhagsstaða sjóðsins hélt áfram að batna á árinu. Frá árinu 1992 hefur framlag ríkisins til LÍN verið við það miðað að það beri þann raunkostnað sem lánsjóðurinn hefur af lánveitingum til námsmanna. Kostnaðinn hefur Ríkisendurskoðun reiknað út frá tilteknum forsendum og var hann árið 2002 talinn nema 49% af útlánum í stað 52% á undanförmum árum. Að auki þarf framlag ríkissjóðs að standa undir árlegum rekstrarkostnaði sjóðsins. Ný lán á árinu 2002 báru 5,08–6,37% vexti.

Í fjárlögum fyrir árið 2002 voru almenn útlán áætluð 4.645 m.kr. og framlag ríkisins ákveðið 2.550 m.kr. Á árinu 2002 námu veitt almenn námslán samtals 4.568 m.kr. og veitt markaðskjaralán 97 m.kr. Þrátt fyrir aðeins minni útlán en gert var ráð fyrir í fjárlögum voru á tímabili horfur á útlánaaukningu og fékk sjóðurinn um 95 m.kr. viðbótarmark á fjárlögum. Fjárveiting ársins var því 2.645 m.kr. en fjárveiting umfram lágmark, sbr. útreikninga Ríkisendurskoðunar, yfirfærð til næsta árs.

Í samræmi við meginreglu laga nr. 133/2001 ákvað stjórn LÍN að hætta færslu verðlagsbreytinga í reikningsskil sjóðsins frá og með árinu 2002. Í reikningum LÍN hefur verðbreytingafærslan ætíð verið til gjalda og afnám hennar þýddi því samsvarandi hækkan tekjuafgangs. Tekjuafgangur á árinu nam 1.114 m.kr. Bókfært eigið fé hækkaði um sömu fjárhæð eða úr 25.539 m.kr. í 26.653 m.kr. Núvirt eigið fé hækkaði á hinn bóginn um 2.500 m.kr. eða úr 4.400 m.kr. í 6.900 m.kr. Við útreikning á raunkostnaði námslána er miðað við vegið meðaltal vaxta á teknum lánum sjóðsins, en það hækkaði úr 5,51% í árslok 2001 í 5,58% í árslok 2002. Útistandandi námslán eru færð niður um fjárhæð sem líklegt er að ekki náist að innheimta og sérstakur afskrifta-sjóður myndaður í efnahagsreikningi LÍN. Framlag í hann á árinu var 500 m.kr. Endanlegar afskriftir námu 311 m.kr. samborið við 149 m.kr. árið á undan. Afskriftareikningur útlána í efnahagsreikningi LÍN hækkaði úr 7.658 m.kr. í 7.847 m.kr.

Í fjárlögum fyrir árið 2003 voru ný almenn útlán áætluð 5.930 m.kr. og ný markaðskjaralán 100 m.kr. Ríkissjóðsframlagið var áætlað 3.028 m.kr., en til viðbótar var gert ráð fyrir að framlag umfram lágmark frá árinu áður gæti orðið 160 m.kr. Til afskrifta og vaxtandiurgreiðslu útlána voru því áætlaðar 2.906 m.kr. eða 49% útlána og 282 m.kr. til rekstrar þar af 76 m.kr. vegna vaxtastyrks.

2. Starfsreglur sjóðsins.

Nokkrar breytingar voru gerðar á úthlutunarreglum við endurskoðun þeirra fyrir námsárið 2002-03 og voru helstu nýmælin eftirfarandi:

- Grein 1.1. Umsækjendur verða að vera fjárráða til að eiga kost aðstoð frá sjóðnum.
- Grein 1.2.2. Verulegar breytingar eru gerðar á greininni. Lánshæft sérnám á Íslandi er löggilt iðnnám og annað samþykkt starfsnám á framhaldsskólastigi, skipulagt af viðkomandi starfsgreinaráði, sem ekki er launað skv. kjarasamningi umfram grunnframfærslu á Íslandi, sbr. grein 3.1.1. Námið er lánshæft þann tíma sem það er kennt í skóla. Fyrsta eða fyrstu tvö misserin eru þó yfirleitt undanskilin.
- Grein 1.3.2. Ekki er lánað til náms sem er launað skv. kjarasamningi umfram grunnframfærslu.
- Grein 2.1.2. Reglur vegna náms á sumarönn eru verulega einfaldaðar. Námsmaður sem á sumarönn 2003 lýkur 75% af fullu námi á venjulegri önn, skv. skipulagi skóla, á rétt á sumarláni þegar námsárangur liggur fyrir. Ekki er lánað út á lægra hlutfall nema fyrir liggi staðfest námslok á árinu 2003.
- Grein 2.4.2. Viðmiðun vegna undanþágu frá fimm ára reglu er hækkuð úr 2,0 m.kr. í 2,1 m.kr.
- Grein 3.1.1. Grunnframfærsla á Íslandi er ákveðin 75.500 kr.
- Grein 3.2. Lán samkvæmt gr. 4.4. og greinum 4.7.- 4.12. eru til viðbótar lánun til framfærslu námsmanns. Tekjur geta því komið til frádráttar þessum lánun, m.a. á lánun vegna skólagjalda.
- Grein 3.3.2. Samkvæmt breytingunni verður heimilt að tvöfalda frítekjumark námsmanns sem kemur úr námshléi, sbr. fjárhæðir tilgreindar í gr. 4.1. - 4.6.
- Grein 4.3. Námsmanni er ekki veitt lán sem einstæðu foreldri nema hann fari með forsjá barns og barnið eigi lögheimili hjá honum eða búi sannanlega hjá honum á námstíma.
- Grein 4.4. Lán vegna meðlags á námstíma verður 16.000 kr. á mánuði eða jafngildi í annarri mynt miðað við gengi 26. apríl 2002.
- Grein 4.5. Nú hafa tekjur maka ekki lengur áhrif á upphæð námsláns nema í þeim tilfellum þegar sótt er um makalán, sbr. gr. 4.6.
- Grein 4.6. Réttur til makaláns er þrengdur. Eftirfarandi aðstæður geta leitt til þess að framfærsla námsmanns í hjónabandi hækkar um 50% af grunnframfærslu vegna maka:
 - Veikindi eða örorka maka skv. læknisvottorði.
 - Námsmaður og maki eru búsettir erlendis og hafa barn á framfæri sínu og maki kys að vinna heimilisstörf að mestu eða öllu leyti.
- Grein 4.7. Námsmaður á rétt á viðbótarláni vegna bóka-kaupa. Á heilu skólaári skal lán þetta nema 40.000 kr. á Íslandi og sambærilegu hlutfalli af grunnframfærslu sé nám stundað í útlöndum.
- Grein 4.8. Samanlögð lán til námsmanna vegna skólagjalda á Íslandi skulu aldrei verða hærri en 3,1 m.kr. og vegna skólagjalda erlendis ákveðið hlutfall af þeirri upphæð. Ef með þarf skal yfirfæra útreikningsupphæð eldri skólagjaldalána í mynt námslands 2002-2003 miðað við gengi 26. apríl 2002. Einungis er veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram 32.500 kr.
- Grein 4.12.2. Ferðalán til námsmanna í Finnlandi hækka.

Lán vegna barna á aldrinum tveggja til tólf ára hækka upp í 75% af þeim fjárhæðum sem tilgreindar eru í þessum lið.

- Grein 5.2.2. Þegar lán eða hlutar þess koma til útborgunar er upphæðinni sem greiða á út breytt í íslenskar krónur miðað við daggengi á útborgunardegi.
- Grein 5.3.1. Ábyrgðarmanni er heimilt að veita ábyrgð umfram 6 m.kr. vegna láns sem námsmanni reiknast á því námsári sem ábyrgðarupphæð hans nær 6 m.kr.
- Grein 7.3. Lágmarksupphæð á ákvörðuðum útsvarsstofni hækkar úr 4,5 m.kr. í 6,0 m.kr.
- Grein 7.4.1. Heiti þessarar greinar er breytt og innihald hennar verður samhljóða 9. gr. reglugerðar.
- Grein 7.4.2. Heiti þessarar greinar er breytt og innihald hennar verður samhljóða 10. gr. reglugerðar.
- Grein 7.4.3. Umsókn um frest á endurgreiðslu námsláns skal berast sjóðnum eigi síðar en 60 dögum eftir gjaldþaga afborgunar. Hafi ósk um frestun ekki borist sjóðnum fyrir þessi tímamörk er óheimilt að fresta afborguninni.

3. Stjórn sjóðsins.

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig: Einn samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ), einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE), einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra sérskólanema (BÍSN), einn samkvæmt tilnefningu Iðnnemasambands Íslands (INSÍ), einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og þrjá án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður stjórnar og annar varaformaður.

3.1. Stjórnarmenn.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er skilgreint í 5. gr. laga.

Stjórn Lánasjóðsins eins og hún var skipuð í júní 2002:

Fulltrúi menntamálar.: Gunnar I. Birgisson (formaður)
 Fulltrúi menntamálar.: Kristín Edwald (varaform.)
 Fulltrúi menntamálar.: Agla Elísabet Hendriksdóttir
 Fulltrúi fjármálar.: Ásta Þórarinsdóttir
 Fulltrúi SÍNE: Guðmundur Thorlacius Ragnarsson
 Fulltrúi SHÍ: Ingunn Guðbrandsdóttir
 Fulltrúi BÍSN: Fjóla Margrét Hrafnkelsdóttir
 Fulltrúi INSÍ: Jónína Brynjólfssdóttir

Varamenn stjórnar á sama tíma voru þessir:

Varafulltr. formanns: Auður Stefánsdóttir
 Varafulltr. varaform.: Birgir Tjörvi Pétursson
 Varafulltr. menntam.r.: Arna Hauksdóttir
 Varafulltrúi fjármálar.: Sigurjón Pálsson
 Varafulltrúi SÍNE: Heiður Reynisdóttir
 Varafulltrúi SHÍ: Guðjón Ármannsson
 Varafulltrúi BÍSN: Líf Magneudóttir
 Varamaður INSÍ: Ásbjörn Þór Ásbjörnsson
 Ásbjörn Þór Ásbjörnsson hætti störfum sem varafulltrúi INSÍ í nóvember 2002 og tók Sveinbjörn Gunnlaugsson þá sæti hans. Guðjón Ármannsson hætti sem varafulltrúi SHÍ í apríl 2003, Jarþrúður Ásmundsdóttir tók sæti hans.

3.2. Störf stjórnar.

Starfshættir stjórnarinnar voru með svipuðu sniði og undanfarin ár. Stjórnarmenn skiptu með sér verkum og störfuðu utan venjulegra stjórnarfunda í nokkrum nefndum, m.a. vafamála-, endurgreiðslu- og endurskoðunarnefnd.

3.3. Málkotsnefnd.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna málkotsnefnd og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar LÍN séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða.

Málskotsnefnd var þannig skipuð:

Arnfríður Einarasdóttir, lögfræðingur, formaður.

Helgi Jóhannesson, hæstaréttarlögmaður.

Sigurður Ingi Halldórsson, lögfræðingur.

4. Skrifstofa sjóðsins.

Skrifstofa sjóðsins er í Borgartúni 21, Reykjavík, Höfðaborg. Starfsemin skiptist í fjórar deildir, þ.e. afgreiðsludeild, fjármáladeild, lánadeild og tölvudeild. Fjármáladeild og tölvudeild voru sameinaðar í febrúar 2003 í rekstrar- og fjármáladeild. Starfsstöð gjaldkera var flutt úr afgreiðslusal. Gert er ráð fyrir að móttaka greiðslna fari aðeins í undantekningartilfellum fram hjá LÍN. Leitast er við að á hverju sersviði innan hversrar deildar starfi a.m.k. tveir starfsmenn eftir því sem við verður komið. Í nóvember var samið við Skúlason ehf. um símsvörunarþjónustu. Símtöl sem starfsmaður á skiptiborði Lánasjóðsins nær ekki að svara fara sjálfkrafa til starfsmanna Skúlasonar sem svara fyrirspurnum eða taka niður skilaboð sem send eru áfram til starfsmanna Lánasjóðsins.

Fyrir utan hin daglegu verkefni, er unnið í deildunum að ýmsum sérverkefnum eftir því sem tilefni gefst til.

Afgreiðsludeild:

Starfssvið afgreiðsludeildar er fyrst og fremst dagleg afgreiðsluþjónusta í síma og afgreiðslusal, umsjón með vistun skjala, bóka og annarra gagna, svo og ákveðin verkefni fyrir framkvæmdastjóra. Ákveðnar vinnslur vegna vafamálanefndarfunda, fundargerðir og bréfaskriftir vegna þeirra. Umsjón með kaupum á vörum og þjónustu. Umsjón með skilum á nýjum skuldabréfum frá lánþegum og varðveisla skuldabréfa. Eftirlit með áreiðanleika lánþega sem skuldara og ábyrgðarmanna. Umsjón með afgreiðslu markaðskjaralána.

Fjármáladeild:

Á starfssviði fjármáladeildar er umsjón með fjárreiðum sjóðsins. Áætlanir um námsaðstoð, rekstur, fjárfestingu og eftirlit með framkvæmd þeirra. Áætlanir um sjóðsstöðu og fjárþörf. Fjárlagatillögur og eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Ársreikningar. Bókhald. Greiðsla reikninga. Innheimta útistandandi námslána. Starfsmannahald.

Lánadeild:

Á starfssviði deildarinnar eru m.a.: Ákvarðanir teknar um upplýsingar sem lánþegum er ætlað að gefa til þess að framfylgt verði reglum. Óflun upplýsinga um skipulag náms í þeim löndum og skólum sem lánþegar stunda nám, mat á skólum og námsgreinum. Vistun þeirra upplýsinga. Námseftirlit. Kostnaðareftirlit. Tillögugerð til stjórnar um kröfur sjóðsins til námsframvindu og útreikning námslána skv. þeim. Útgáfa upplýsingabæklinga og annars upplýsingaefnis um námsframvindukröfur sjóðsins, úthlutunar- og vinnureglur. Ráðgjöf og viðtöl við lánþega. Samskipti við skóla, banka og sparisjóði. Umsagnir um lánshæfi náms. Umsagnir um vafamál. Skráning og úrvinnsla upplýsinga frá námsmönnum í tölvukerfi. Aðstoð við framkvæmdastjóra vegna tiltekinnar verkefna.

Tölvudeild:

Verksvið tölvudeildar er viðhald og þróun hugbúnaðar lána-, námseftirlits- og innheimtukerfis aðaltölvu, auk fyrirspurnar-, úrvinnslukerfis og gagnagrunns. Hönnun eyðublaða. Daglegur rekstur tölvukerfis. Stefnumótun og ráðgjöf í tölvumálum. Mót-taka og sending tölvugagna. Umsjón með tækjakosti sjóðsins. Kennsla og þjálfun. Sérverkefni: Umsjón með skýrslugerð, framkvæmd á útgáfumálum, prentun gagna og eyðublaða.

4.1. Starfsmannahald.

Í júní 2002 voru 24 starfsmenn við sjóðinn. Framkvæmdastjóri sjóðsins var Steingrímur Ari Arason. Edda Kristjánsdóttir var

deildarstjóri afgreiðsludeildar, Stefán Aðalsteinsson deildarstjóri fjármáladeildar, Hlöðver Bergmundsson deildarstjóri lánadeildar og Gunnar Karlsson deildarstjóri tölvudeildar.

Aðrir starfsmenn hjá sjóðnum í júní 2002 voru:

Ásrún Helga Kristinsdóttir
Bergljót Þórðardóttir
Guðfinna Guðfinnsdóttir
Guðbjörg Erla Benjamínsdóttir
Guðrún Sesselja Grímsdóttir
Helgi Loftsson
Ingbjörg Ólafsdóttir
Jóhanna Gunnarsdóttir
Jón Guðni Sveinsson
Margrét Árnadóttir
Margrét Billhardt
Petrína Sæunn Úlfarsdóttir
Rafn Baldur Gíslason
Rannveig Lind Egilsdóttir
Sigríður Björg Árnadóttir
Sigríður Ágústsdóttir Morthens
Sigríður Þorgilsdóttir
Sigurlína Ingadóttir
Snorri Arnar Viðarsson.

Snorri Arnar Viðarsson lét af störfum í júlí 2002 og Ingbjörg Ólafsdóttir í ágúst.

Margrét Billhardt hætti störfum um áramót 2002–2003. Katrín Jónsdóttir hóf störf afgreiðsludeild í janúar 2003 en hætti í mars. Anna Kristín Sigurðardóttir kom í stað hennar og hóf störf í afgreiðsludeild í apríl 2003. Gunnar Karlsson, deildarstjóri tölvudeildar, lét af störfum í febrúar 2003.

4.2. Starfsemin.

Í starfi skrifstofunnar vega þyngst tveir málaflokkar: úthlutun lána og innheimta afborgana. Allir starfsmenn sjóðsins taka með einhverjum hætti þátt í þessum meginverkefnum. Önnur verkefni eru: Reikningshald, úthlutun jöfnunarstyrkja, kynning, útgáfa, innra eftirlit, stefnumótun, áætlana- og skýrslugerð.

5. Úthlutun.

Úthlutun lána á námsárinu 2002–2003 fór fram með svipuðum hætti og námsárið á undan. Áfram var lögð áhersla á það að beina sem flestum umsækjendum inn á rafræn samskipti. Lánþegum námsársins á undan var sent bréf í byrjun sumars þar sem þeir voru hvattir til að sækja um lán á vef sjóðsins. Þeir sem ekki gátu nýtt sér þá þjónustu gátu nálgast hefðbundið eyðublað í afgreiðslu sjóðsins eða til útprintunar á vef sjóðsins.

Útreikningur lána hófst 5. júlí 2002 og fylgdi því að venju álag á síma og afgreiðslu. Námsmenn fengu sendan útreikning á láni fyrir veturinn, svokallaða lánsáætlun. Skólagjaldalán og ferðalán til annarra en 1. árs nema voru afgreidd fyrirfram í upphafi hvers misseris en námsmenn gátu fengið fyrirgreiðslu hjá bönkum og sparisjóðum út á væntanlegt framfærslulán. Þegar námsárangur lá fyrir eftir haustmisserið var lán vegna framfærslu á misserinu afgreitt ásamt bókaláni. Þegar árangur á vormisseri lá fyrir var framfærslu- og bókalán vegna þess misseris afgreitt. Álag fylgdi einnig misserislokum þegar framfærslulán voru greidd út.

Fyrrihluta nóvember 2002 fengu allir umsækjendur bréf þar sem þeim var bent á að þeir þyrftu að endurskoða tekjuáætlun sína áður en af útborgun haustláns gæti orðið. Umsækjendur voru þar hvattir til að nýta sér rafræn eyðublað á vef sjóðsins, eins og fyrr á árinu og staðfesta þannig tekjuáætlun sína. Hefðbundin eyðublað var þó hægt að nálgast í afgreiðslu sjóðsins eða á LÍN-vefnum til útprintunar. Umsækjendur þyrftu síðan endanlega að staðfesta tekjuupplýsingar sínar á Íslandi með afriti af skattframtali 2003 og umsækjendur erlendis þyrftu einnig að staðfesta tekjur erlendis á sérstöku eyðublaði sjóðs-


ins. Boðið var upp á rafrænt eyðublað í því skyni. Þeir umsækjendur sem töldu fram allar sínar tekjur á vef RSK voru undanþegnir því að leggja fram afrit skattframtals.

Um mánaðarmótin nóvember/desember var þeim námsmönnum sem voru að sækja um lán í fyrsta sinn eða höfðu gert meira en árshlé á fyrra námi sínu send árituð skuldabréf til útfyllingar. Jafnframt voru send árituð viðbótarábyrgðarbréf til þeirra sem höfðu ekki nægjanlegar ábyrgðir fyrir væntanlegu námsláni vetrarins og þeim þannig gefinn kostur á að ganga tímanlega frá ábyrgðinni áður en til úthlutunar kæmi.

Auk venjulegra námslána gátu námsmenn sótt um sérstök lán á markaðskjörum vegna greiðslu skólagjalda. Sjóðurinn reiknaði út sérstaklega greiðslubyrði af slíku láni fyrir umsækjendur og mat ábyrgðir áður en til afgreiðslu þeirra kom.



Gefinn var út bæklingur með úthlutunarreglum sjóðsins ásamt útskýringum og dæmum. Einnig gátu námsmenn fengið sérstakan bækling með þeim lögum og reglugerð sem gilda um sjóðinn.

Í kafla 9 er gerð töluleg grein fyrir helstu atriðum úthlutunar. Á námsárinu 2002–2003 voru 9.860 umsækjendur um námslán en 8.352 árið á undan, sem er 18,1% fjölgun á móti 6,9% fjölgun árið á undan. Af umsækjendum urðu 7.999 lánþegar eða 81,1% og hefur það hlutfall farið stöðugt hækkandi undanfarin ár. Lánþegum fjölgaði um 1.314 frá fyrra ári eða 19,7% á móti 9,6% í fyrra og munar þar mest um verulega fjölgun á Íslandi eða 26,3%, en þar var hlutfallslega meiri fjölgun í sérnámi en háskólanámi. Á sama tíma fjölgaði lánþegum erlendis um 4,4% á móti 4,6% í fyrra. Þegar fjöldatölur lánþega eru skoðaðar nokkur ár aftur í tímann, kemur í ljós að á námsárunum 1994–96 var fjöldi lánþega nokkuð stöðugur, rétt rúmlega 6 þúsund manns. Þeim fækkaði svo lítillega á næstu námsárum á eftir eða allt fram til 1999–2000 þegar lánþegafjöldinn fór niður í 5.778. Síðan þá hefur lánþegum fjölgað um 2.221 eða 38,4%, þar af hefur þeim fjölgað um 1.940 eða 49% á Íslandi en 281 eða 15% erlendis.



Ef skipting lánþega eftir námsstigi er skoðuð, sést að hún er með álíka hætti og hún var í fyrra. 9,5% voru í framhaldsháskólanámi, 75,6% í grunnháskólanámi og 14,9% í sérnámi. Þessi skipting er með ólíkum hætti hjá námsmönnum erlendis og Íslandi eins og reyndin hefur verið sl. ár. Erlendis voru 23,5% þeirra í framhaldsháskólanámi, 57,4% í grunnháskólanámi og 19,1% í sérnámi, en á Íslandi ekki nema 4,5% í framhaldsháskólanámi, 82,1% í grunnháskólanámi og 13,4% í sérnámi.


Lánþegum í foreldrahúsum á Íslandi fjölgaði um 245 milli námsáruna 2001–2002 og 2002–2003 eða 21,5%, sem er nær tvöfalt meira en árið á undan. Barnlausum einstaklingum í leiguhúsnæði/eigin húsnæði á Íslandi fjölgaði um 305 eða 15,2% í



stað 10,4% fjölgunar árið áður. Þeim fjölgaði hins vegar um 80 erlendis eða 5,6%. Einstæðum foreldrum meðal námsmanna fjölgaði um 41 eða 5,6% milli ára, sem er mun minna en árið áður þegar þeim fjölgaði um 14,6%. Fjölgunin varð eingöngu á Íslandi, 8,1% en þeim fækkaði um 8% erlendis. Lánþegum með börn á framfæri í hjónabandi eða sambúð fjölgaði um 634 eða 46%, en þeim hafði fjölgað um 7,4% árið áður. Fjölgunin var nær eingöngu meðal nemenda á Íslandi því þar fjölgaði þeim um 625 eða 70,7%. Erlendis fjölgaði þeim um 1,8% en hafði fækkað lítillega árið áður. Ástæða þessarar miklu fjölgunar lánþega í hjónabandi/sambúð með börn á framfæri (og hlutfallslegar fækkunar einstæðra foreldra) má fyrst og fremst rekja til breyttrar úthlutunarreglna því nú höfðu makatekjur engin áhrif á upphæð láns nema í þeim tilfellum þegar sótt var um sérstakt makalán.

Nýnenum í hópi lánþega, þ.e. þeim sem eru að hefja lánshæft nám í fyrsta sinn fjölgaði um 467 eða 25,9% frá fyrra ári. Í þeim hópi fjölgaði nýnenum erlendis um 20 frá síðasta námsári eða 5,5%, sem er breyting frá árinu áður þegar þeim fækkaði um tæp 18%. Nýnenum á Íslandi fjölgaði aftur á móti verulega milli ára eða um 447 sem gerir 31,1% í stað 20% árið áður.

Heildarupphæð veittrar aðstoðar hækkaði um tæp 17% milli ára á móti 12,8% hækkun árið áður. Þessi hækkun kom eingöngu til vegna náms á Íslandi því þar hækkaði heildarlánupphæðin um 43,6% meðan hún lækkaði um 10,3% erlendis. Þetta skýrist fyrst og fremst af mikilli fjölgun lánþega á Íslandi milli ára og sterkri stöðu íslensku krónunnar gagnvart erlendri mynt. Lánþegum erlendis fjölgaði lítillega eða 4,4% milli ára, en þrátt fyrir það lækkaði meðallán til þeirra í íslenskri mynt um 14%. Upphæð meðallána til lánþega á Íslandi hækkaði hins vegar um 13,7%.



Meðallánið á Íslandi er 18% lægra en grunnframfærsla námsmanns á Íslandi en meðallánið erlendis 38% hærra, en til samanburðar voru tölurnar 22% á Íslandi í fyrra og 75% erlendis. Þessi munur skýrist m.a. af því að ýmis viðbótarkostnaður (skólagjöld, ferðalán o.fl.) er mun meiri erlendis en á Íslandi, en bilið hefur minnkað vegna hagstæðrar gengisþróunar.

Heildarlán vegna skólagjalda á námsárinu voru rúmlega 562 m.kr. sem er tæp 50 m.kr. hækkun frá fyrra ári eða 9,7%. Skólagjaldalán voru veitt til 1.465 lánþega í stað 1.249 árið á undan, sem er fjölgun um 216 manns eða 17,3%. Meðal skólagjaldalánið var tæpar 384 þ.kr. í stað 410 þ.kr. í fyrra, sem er 6,4% lækkun.

341 námsmenn erlendis fengu skólagjaldalán eða 24 fleiri en árið áður sem gerir 7,6% fjölgun. Heildarlán vegna skólagjalda til námsmanna erlendis voru tæpar 300 m.kr., sem er nánast sama tala og árið á undan eða 0,2% lækkun. Meðalskólagjaldalán til lánþega erlendis lækkaði úr 945 þ.kr. í 877 þ.kr. sem er 7,2% lækkun frá fyrra ári, en í fyrra hafði meðallánið hækkað um tæp 40%. Ástæða þessara miklu sveiflna er fyrst og fremst styrking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum á þessum tíma.

Þeim sem fengu lán vegna skólagjalda á Íslandi fjölgaði úr 932 í 1.124 eða 20,6% frá fyrra ári og heildarlán vegna skólagjalda á Íslandi hækkuðu úr 213 m.kr. í 263 m.kr. sem gerir 23,7% hækkun. Meðalskólagjaldalánið á Íslandi hækkaði um 2,6% milli ára, fór í 234 þ.kr.

Heildarupphæð skólagjaldalána á Íslandi hefur aukist verulega á undanföllum árum, sbr. meðfylgjandi línurit.

Á námsárinu afgreiddi sjóðurinn lán á markaðskjörum vegna skólagjalda til 138 lánþega, sem er 22,9% fækkun frá fyrra ári og er þar um áframhaldandi fækkun að ræða, fækkaði um 6,3% í fyrra. Heildarupphæð markaðskjaralánanna nam 61,4 m.kr í stað 82,5 m.kr. í fyrra, sem er 25,5% lækkun. Meðal markaðskjaralánið var um 445 þ.kr., en það er 3,3% lækkun frá fyrra ári.

6. Jöfnunarstyrkur.

Eins og á fyrra námsári var nær eingöngu boðið upp á rafræn umsóknareyðublöð á vef sjóðsins. Hefðbundin umsóknareyðublöð voru þó í undantekningartilfellum send til þeirra sem ekki gátu nýtt sér þessa nýju tækni. Umsóknarfrestur var til 31. október vegna haustmíssis 2002 og til 31. janúar vegna vormíssis 2003.

7.463 umsóknir bárust vegna námsársins, þar af 3.664 vegna haustmíssis 2002 og 3.799 vegna vormíssis 2003 og eru það 268 umsóknir fleiri en árið áður eða 3,7% fjölgun. 6.582 umsóknir voru samþykktar eða 88,2% innsendra umsókna í stað 85,6% árið áður og er það fjölgun um 422 frá fyrra ári

eða 6,9%. Af samþykktum umsóknum voru 4.402 eða 66,9% vegna dvalarstyrks og 2.180 eða 33,1% vegna akstursstyrks, sem er óveruleg breyting frá fyrra ári. Veittum dvalarstyrkjum fjölgaði um 343 milli ára eða 8,5%, en akstursstyrkjum um 79 eða 3,8%.

Sú breyting var gerð á reglugerð um jöfnunarstyrkinn að felld var úr gildi fyrri svæðisskipting á upphæð dvalarstyrks sem byggðist á staðsetningu lögheimilis. Nú var sama upphæð afgreidd til allra sem fengu úthlutað dvalarstyrk, 88.000 kr. á misseri. Á haustmísseri 2002 voru afgreiddir 2.279 dvalarstyrkir og 2.123 á vormísseri 2003.

Upphæð akstursstyrks var 50.000 kr. á misseri, sama upphæð hjá öllum. Á haustmísseri 2002 voru afgreiddir 1.099 akstursstyrkir og 1.081 á vormísseri 2003.

7. Innheimtar greiðslur.

Innheimtur námslána árið 2002 námu alls kr. 3.186.881.584 og hækkuðu um 14,1% frá árinu 2001, en þá voru innheimtar kr. 2.793.209.043. Innheimta dráttarvaxta nam 65,3 m. kr. sem er 8% hækkun frá innheimtu ársins 2001, en þá voru þeir 60,4 m. kr.

Greiðendum fækkaði um 59 milli ára og voru 28.215. Greiðendum R-lána fjölgaði um 1.088 í 12.166, greiðendum S-lána fækkaði um 536 í 12.536 og greiðendum V-lána fækkaði um 611 í 3.513. Hlutfall kvenna sem greiðenda er 44,78% af V-lánnum, 52,74% af S-lánnum og 51,51% af R-lánnum. V-lán voru veitt frá hausti 1976 til vors 1982, S-lán frá hausti 1982 til vors 1992 en R-lán frá þeim tíma. Meðalaldur þeirra sem greiða af R-lánnum er 26 ár, 33 ár hjá þeim sem greiða af S-lánnum og 40 ár hjá greiðendum V-lána. Meðalársgreiðsla árið 2002 var kr. 117.785 í stað kr. 105.658 árið 2001 og er það 11,5% hækkun. Vextir R-lána námu 154,2 m. kr. eða um 12.700 krónum að meðaltali hjá greiðanda R-láns.

Eftirstöðvar V-lána voru um áramót kr. 2.390.202.601 og lækkuðu um 474 m.kr. á árinu. Eftirstöðvar S-lána voru kr. 26.921.681.562 og lækkuðu um 1.138 m.kr. á árinu. Eftirstöðvar R-lána voru kr. 31.355.455.901 og hækkuðu um 3.589 m. kr. á árinu. Af R-lánnum eru 16.591 m. kr. í innheimtu en 14.761 m. kr. eru ekki komnar til innheimtu. Af R-lánnum innheimtust 1.626 m.kr. sem er 23,7% hækkun frá fyrra ári. Heildarskuld vegna þessara þriggja lánaflókka er 60.667 milljónir króna sem er hækkun um 1.977 milljónir milli ára. Í afskriftsjóði eru kr. 7.847 m. kr. sem er hækkun um 189 m. kr.

Alls voru raunafskriftir sjóðsins á árinu 311,1 m. kr., þar af 255 m. kr. vegna 20 ára reglu V-lána, en eftirstöðvar þessa lánaflökks falla niður þegar greitt hefur verið af slíku láni í 20 ár. Rúmar 56 m. kr. voru afskrifaðar vegna andláts lánþega, en ógjaldfallnar eftirstöðvar námslána falla niður við fráföll greiðanda. Alls nema raunafskriftir sjóðsins, á verðlagi hvers árs, 768,8 m. kr., þar af 321,8 m. kr. vegna andláts lánþega og um 447 m. kr. vegna 20 ára reglu V-lána.

Meðaltekjur greiðenda R-lána árið 2001 vegna afborgana ársins 2002 voru kr. 2.715.476, S-lána kr. 3.161.515 og V-lána kr. 3.643.811. Milli ára hækkuðu tekjur greiðenda R-lána um 10,9%, S-lána um 14,9% og V-lána um 10,0%.

Vanskil V-lána án dráttarvaxta námu 49,9 milljónum króna og lækkuðu um 1,7 milljónir. Vanskil S-lána námu 202,4 milljónum króna og hækkuðu milli ára um 0,3 milljónir og vanskil R-lána námu 181,7 milljónum króna og hækkuðu um 5,4 milljónir milli ára. 59% vanskila V-lána eru vegna gjaldfallinna greiðslna á árinu 2002, 40% S-lána og 44% R-lána.

Alls voru 28,7% greiðslna inntar af hendi frá greiðsluþjónustu banka og sparisjóða sem er aukning um 2,3 prósentustig. Greiðslur með LÍN greiðsludreifingu og kreditkortum námu 7,6% af heildargreiðslum.

Yfirlit yfir vanskil og greiðslur á bls. 18 stemmir ekki við ársreikning þar sem þar er tekið tillit til leiðréttinga sem áttu sér stað á árinu 2003.

Samkvæmt lögum um sjóðinn skal þeim einstaklingum sem ekki eru skattskyldir á Íslandi af öllum tekjum sínum áætlaður útsvarstofn til útreiknings tekjutengdrar afborgunar. Árið 2001 samþykkti stjórn sjóðsins að áætlaður útsvarstofn skyldi vera tvöfaldar eftirstöðvar námslánaskuldar greiðanda, þó að lágmarki 4,5 millj. kr., en áður var ákvörðuð ein fjárhæð fyrir alla greiðendur. Sama regla gildi á árinu 2002, nema lágmarksfjárhæðin var hækkuð í kr. 6.000.000. Í byrjun júlí var sent bréf til þeirra greiðenda sem áttu lögheimili erlendis 1. desember 2001 og óskað eftir upplýsingum um tekjur þeirra. Send voru bréf til um 3.500 einstaklinga. Alls sendu 2.681 manns inn upplýsingar um tekjur sínar árið 2001. Skil milli ára bötundu umtalsvert, um 77% sendu inn upplýsingar á móti um 58% árið áður.

Lán sjóðsins eru að jafnaði til langs tíma og hafa því innheimtar greiðslur aukist jafnt og þétt síðasta áratug. Á föstu verðlagi hafa þær aukist úr 820 m. kr. árið 1992 í 3.187 m. kr. árið 2002. Fjöldi greiðenda er 28.215 árið 2001 en var 16.643 árið 1992 sem er fjölgun um 70%. Á línurítum á bls. 17 er yfirlit yfir þróun afborgana og fjölda greiðenda.

8. Tölvudeild.

Að veltu var í byrjun sumars unnið að nauðsynlegum breytingum á tölvukerfinu vegna námsáraskipta og breytinga á úthlutunarreglum sjóðsins. Veigamestu breytingarnar þurftu að gera vegna upptöku evrunnar sem lögeyrir innan Evrópusambandsins og þeirrar ákvörðunar stjórnar sjóðsins að samantlagt hámark skólagjaldalána skyldi eftirleiðis ekki einungis ákveðið í ísl. krónum heldur í útreikningsmynt hvers námslands.

Framsetning upplýsinga í lánsáætlun sjóðsins var frá upphafi skólaársins höfð nákvæmlega hin sama hvort heldur hún var send rafrænt eða í bréfaþósti til umsækjenda. Samtímis var framsetningu einfölduð frá því sem áður hafði verið og horfið frá því að forprenta eyðublöð fyrir þær áætlanir sem sendar voru út bréfleiddis. Lánsáætlanir og eftir atvikum greiðslutílkynningar voru sendar á rafrænu formi til allra þeirra sem voru skráðir hjá Form.is, en það voru milli 60–65% umsækjenda um námslán skólaárið 2002–2003.

Um sumarið og haustið 2002 var hönnunar- og þróunarvinnu vegna jöfnunarstyrkskerfisins haldið áfram. Ákveðið var að fresta uppsetningu heimasvæðis eða aðgangi umsækjenda að „Mínum síðum“ á vefnum til næsta skólaárs. Á hinn bóginn var aðgangsstýring að umsóknum innleidd sem áfangi að því markmiði og jafnframt til að gera kleift að forskrá á umsóknir þekktar persónubundnar upplýsingar frá árinu áður. Form.is annaðist aðgangsstýringuna þó að umsóknarformið væri ekki vistað hjá þeim og ekki hægt að sækja um styrkinn með rafrænum hætti nema á LÍN-vefnum. Við aðgangsstýringuna var kennitala umsækjanda skráð sem notendanafn, en umsækjendum sjálfum gefinn kostur á að ákveða lykilorðið. Eins og árið áður sóttu yfir 90% umsækjenda um styrkinn á vefnum.

Sumarið 2002 hófst uppsetning á nýjum prentþjóni og á uppsetningarforritinu Crystal Reports (CR). Meginmarkmiðið var að samræma og auðvelda útprentunarferli sjóðsins og að draga úr notkun forprentaðra eyðublaða. Í fyrsta áfanga var lánsáætlunin og bréf sem tilheyra útlánakerfi sjóðsins (svokölluð Word Perfect bréf) yfirfærð í þetta nýja umhverfi. Þannig var lánsáætlun fyrir skólaárið 2002–2003 ekki lengur prentuð á sérstök eyðublöð, en útsending hennar hófst í byrjun júlí. Í leiðinni var framsetning hennar endurskoðuð og höfð nákvæmlega eins og í rafrænu áætluninni sem sjóðurinn sendi umsækjendum skráðum hjá Form.is. Í báðum tilvikum var aðgengi starfsmanna að útsendum áætlunum tryggt með afritun í GoPro–skjalavistunarkerfið.

Fyrstu bréfin úr útlánakerfinu voru síðan send frá nýja prentþjóninum í nóvember 2002.

Í öðrum áfanga prentþjónsuppyggingarinnar var ákveðið að færa útprentun greiðsluseðla innheimtukerfisins með gjalddaga 1. mars 2003 af gömlu nálaprenturum yfir á laserprentara. Greiðsluseðlarnir voru þó eftir sem áður forprentaðir, en prentgæðin og prenthraðinn mun meiri en áður. Sníðmát CR–bréfa var gert aðgengilegt á innri vef sjóðsins og starfsmönnum gert kleift að fá yfirliti yfir útsendingar og sýn á texta eða innihald einstakra bréfa. Um vorið voru bréf sem tilheyra innheimtukerfinu og jöfnunarstyrkskerfinu síðan yfirfærð í CR–kerfið. Til að byrja með var ákveðið að afrita einungis jöfnunarstyrksbréfin í GoPro, en einnig var hægt að nálgast þau á starfsmannavefnum eins og önnur útsend CR–bréf.

Unnið var að undirbúningi þriðja áfanga prentþjónsmála um vorið 2003, en síðan ákveðið að fresta frekari þróunarvinnu þar til síðar. Þar með var beðið með að innleiða útgáfustýringu svo hægt væri að breyta sníðmáti bréfa milli ára og jafnframt varðveita sýn á eldri útgáfur þeirra. Sveigjanleiki nýja kerfisins til að samþætta staðlaðan texta og breytistærðir (s.s. ártöl og fjárhæðir) hefur þó dregið úr mikilvægi útgáfustýringarinnar. Einnig var lögð á ís frekari vinna við stefnumótun sem laut að flokkun eða stýringu útsendinga og kortlagningu leiða til að tryggja skráningu og yfirsýn yfir samskipti sjóðsins og viðskiptavina hans. Spurningum um flokkun útsendinga var því ekki fullsvarað, s.s. eftir því hvort þær væru (i) bréfaþóstur, (ii) rafræn skilaboð til námsmanns hjá Form.is, (iii) tölvuþóstur eða (iv) einungis til birtingar á heimasvæði námsmanns. Ljóst er að mögulegt aðgengi námsmanna á vefnum að persónubundnum námslánaupplýsingum hefur afgerandi áhrif á form samskipta og æskilegar samskiptaleiðir. Í náinni framtíð á þannig að vera hægt að draga úr formlegum samskiptum og einfalda þá samskiptasögu sem eftirsóknarvert er hafa yfirsýn yfir.

Forritun vegna fyrirspurnarþjónustunnar „sent og svarað“ á vef sjóðsins lauk í byrjun september 2002 og er óhætt að fullyrða að þjónustan hafi frá byrjun fallið í góðan jarðveg. Með henni gafst námsmönnum færi á almennum fyrirspurnum um starfsemi LÍN, útlán, afborgarnir og úthlutun jöfnunarstyrkja. Einnig að skoða áður sendar fyrirspurnir og svörin við þeim. Að jafnaði hafa borist 60–100 erindi á mánuði og hefur yfirleitt tekist að svara þeim innan tveggja virkra daga. Til að auðvelda aðgengið hafa svörin verið flokkuð eftir innihaldi þeirra, en jafnframt er boðið upp á efnisleit á vefnum á grundvelli leitarorðs. Margir hafa þannig komist hjá því að bera sjálfir upp erindi til sjóðsins. Þjónustan hefur ótvírætt létt bæði námsmönnum og starfsmönnum lífið og dregið úr símaálagi. Tæknilega var með þjónustunni jafnframt brotið blað þar sem innleiðing hennar var fyrsta áþreifanlega skrefið í þá átt að gera vef sjóðsins gagnvirkur. Uppsetningin kallaði á samþáttun ytri og innri vefjar, en á innri vef sjóðsins var umsjónarmanni gert kleift að vinna og flokka aðsend erindi með þátttöku annarra starfsmanna.

Eftir samkomulag við kortafyrirtækin VISA og MasterCard í ágúst 2002 var greiðendum námslána boðið upp á færslu afborgana á kreditkort. Skilyrði var að umsóknir um kortafærsluna bærust sjóðnum á rafrænu eyðublaði frá heimasíðu LÍN á vefnum. Eyðublaðið var sett upp hjá Form.is, en Hugur annaðist breytingar á innheimtukerfinu. Í byrjun árs 2003 var hafinn undirbúningur að endurbótum á gjalddagavinnslum með það að markmiði að senda framvegis allar kröfur sjóðsins í svokallaðan kröfupott hjá Landsbanka Íslands. Þó að á ýmsu hafi gengið í byrjun, en LÍN var fyrst fyrirtækja/stofnana til að nýta sér þetta fyrirkomulag, hefur í framhaldinu allt innheimtuferli sjóðsins orðið mun skilvirkara en áður. Stór hluti greiðenda hefur samið við viðskiptabanka eða LÍN um greiðsludreifingu og á því að fá heimsenda greiðslutílkynningu en ekki giróseðil.

Í stað þess að LÍN afli upplýsinga hjá hverri bankastofnun fyrir sig tók Landsbankinn að sér að finna út hverjir væru í greiðsluþjónustu hjá bönkunum og þar með hverjir ættu að fá sendan gíróseðil og hverjir greiðsluseðil. Fyrir starfsmenn sjóðsins var þetta mikil einföldun, auk þess sem dregið hefur úr röngum og misvísandi upplýsingum. Nýja fyrirkomulagið tafði aðeins að hægt væri að hefja útprentun seðlanna, en með nýja laserprentaranum kom það ekki að sök. Útprentun um 16.000 seðla vegna gjalddagans 1. mars 2003 var t.d. hægt að ljúka á einum degi, en hefði tekið 2-3 daga á gömlu nálaprenturinum. Tæknilega var því engin fyrstaða að færa eindaga afborgana nær gjalddaga, þ.e. frá 15. til 4.-5. dags eftir gjalddaga, eins og gert var frá og með 1. mars 2003.

Undanfarin ár hafa rúmlega 100 greiðendur R-lána greitt af tveimur skuldabréfum á sama gjalddaga, þ.e. verið að borga upp bréf sem hefur verið í innheimtu og að hefja afborgun af nýju skuldabréfi. Í framhaldi af gjalddaganum 1. mars var samþykkt að yfirfara forrit vegna þessa með það að markmiði að einfalda tölvuvinnslur og minnka handavinnu starfsmanna bæði við myndun gjalddaga og mögulegan endurútreikning.

Á fundi í febrúar 2003 staðfesti stjórn sjóðsins skipulagsbreytingar sem meðal annars leiddu til aukins samstarfs við Hug hf. bæði hvað varðar hugbúnaðargerð og rekstur á sérsmíðuðum tölvukerfum sjóðsins. Samstarfssamningar milli LÍN og Hugar hf. voru undirritaðir 7. mars 2003 og samtímis samið við EJS hf. um vefhýsingu og alrekstur á vélbúnaði sjóðsins.

Eftir ítarlega greiningu á útlánahluta tölvukerfisins var samþykkt að endurhanna reikniforrit sjóðsins og að ljúka fyrsta áfanga þeirrar vinnu fyrir útreikning námslána á næsta skólaári. Áætlað var að um 2/3 hlutar hugbúnaðarfjárfestingar í útlánakerfinu tengdist reikniforritinu og um 1/3 hluti námseftirliti og fylgiskjalapöntunum. Frá því að gamla kerfið var upphaflega hannað árið 1989 hafði regluverkið tekið miklum breytingum og stöðugt orðið erfiðara að viðhalda því og gera á því endurbætur. Nýtt reikniforrit var því orðið mjög aðkallandi, auk þess sem það var talin forsenda þess að hægt væri að innleiða nýjar skjámyndir og halda áfram uppbyggingu á starfsmannavef sjóðsins.

Eiginleg vinna við nýtt reikniforrit hófst um miðjan maí 2003, en frá því í mars unnu starfsmenn LÍN og Hugar hf. að kortlagningu gamla kerfisins og forgreiningu verkefnisins. Fjölmargir samráðsfundir voru haldnir og mikil áhersla lögð á að tengsl gamla og nýja kerfisins væru eins skilvirk og kostur væri, enda ljóst að næstu tvö skólaár hið minnsta myndu veigamiklir hlutar gamla kerfisins áfram gegna stóru hlutverki.

8.1. Úthlutun námslána.

Í aðdraganda nýs skólaárs var sent út bréf þar sem þeir sem ætla að sækja um áframhaldandi lán voru hvattir til að senda sjóðnum rafræna umsókn. Bréfið var sent til 6.351 lánþega 15. maí 2002. Til viðbótar voru send út viðeigandi bréf til þeirra sem: a) gert var ráð fyrir að væru að ljúka námi á skólaárinu 2001-02; b) höfðu sótt um lán á haustönn 2001, en ekki á vorönn 2002; c) áttu að öðru óbreyttu ekki rétt á áframhaldandi lánunum.

Bæði grunnumsóknum og framhaldsumsóknnum var komið fyrir hjá Form.is og þær afritaðar með sjálfvirkum hætti inn í GoPro. Framhaldsumsóknir voru jafnframt keyrðar beint inn í námslánakerfið en grunnumsóknir og tilkynningar um breytt nám prentaðar út til yfirferðar áður en þær voru skráðar í námslána-kerfið. Hinn 11. júní 2002 höfðu sjóðnum borist samtals 400 umsóknir, þar af 300 frá Form.is og 100 á pappír. 23. nóvember 2002 var aftur á móti búið að móttaka 8.069 umsóknir, 4.754 fyrir milligöngu Form.is (59%) og 3.315 á pappír.

Námsáraskiptin gengu vel fyrir sig og var skólaárið 2002–2003

stofnað í námslánakerfinu 27. júní. Fyrsti útreikningur var framkvæmdur 5. júlí 2002. Daginn eftir var síðan byrjað að senda út lánsáætlanir og að greiða út ferðalán og skólagjaldalán. Útborgun framfærslulána vegna haustmíssis 2002 hófst til námsmanna erlendis 18. desember og í ársbyrjun 2003 til námsmanna á Íslandi. Útborgun framfærslulána vegna vormíssis 2003 hófst hins vegar til allra á sama tíma, nánar tiltekið 30. maí.

Til undirbúnings útborgun framfærslulána var í byrjun nóvember farið að senda út ný R-skuldabréf og eyðublöð vegna viðbótarábyrgða. Samtals náði fyrsta útsending til 1.707 skuldabréfa og 843 ábyrgðarbeiðna. Útsendingum var eftir það haldið áfram út skólaárið eftir því sem nýir útreikningar og lánsáætlanir gáfu tilefni til.

Líkt og tvö undanfarin ár var ákvörðun námsloka og undirbúningsur að lokun R-skuldabréfa hafinn með útsendingu á sérstöku tilkynningarbréfi. Að þessu sinni var markhópurinn þeir sem höfðu lokið lánshæfu námi 2000–2001 eða ekki sent sjóðnum síðan þá upplýsingar um lánshæfan námsárangur. Bréfið var sent út 24. október til 2.088 lánþega og þeim gefinn kostur á að hafa samband við sjóðinn og fá námslokunum breytt eða að búa sig undir að hefja endurgreiðslu námslána sinna á árinu 2003.

Eins og undanfarin ár voru nemendur beðnir að skila þrenns konar tekjuupplýsingum. Fyrst samhliða umsókn til að fá lánsáætlun, síðan endanlegri tekjuáætlun áður en haustlán kæmu til útborgunar. Vegna þessa var sent út bréf 18. nóvember til 8.121 umsækjenda þar sem óskað var eftir nýrri tekjuáætlun og voru viðkomandi jafnframt hvattir til rafræna skila á þeim upplýsingum. Að síðustu voru þeir umsækjendur sem ekki töldu fram á vefnum beðnir um afrit af skattframtali, en það var skilyrði fyrir afgreiðslu vorláns. Framtalsupplýsingum frá námsmönnum erlendis þurftu einnig að fylgja upplýsingar um erlendar tekjur. Þannig þurftu námsmenn í Danmörku að skila staðfestum upplýsingum frá skattayfirvöldum í Danmörku áður en til afgreiðslu vorláns kom.

Sjóðurinn fékk sendan námsárangur með rafrænum hætti frá öllum háskólum á Íslandi eða fyrir 5.700 umsækjendur, en starfsmenn sjóðsins þurftu að handskrú námsárangur fyrir 600 nemendur í öðrum skólum á Íslandi.

Að venju voru sendar upplýsingar til lántakenda og RSK um áramótaskuldastöðuna. Eins og árið áður voru helstu lánaupplýsingar einnig forskráðar á skattframtöl, samtals fyrir 34.699 einstaklinga.

8.2. Afborganir námslána.

Í innheimtukerfinu voru umfangsmestu tölvuvinnslurnar fólgnar í því að árita innheimtuseðla og ítrekanir vegna greiðslna í vanskilum. Áritaðir voru 51.543 seðlar vegna gjalddaga á árinu 2002, þar af 21.284 vegna greiðsludreifingar og 1.550 vegna lögmánsinnheimtu. Þeir skiptust þannig eftir tegund lána og gjalddögum:

Tegund láns	Gjalddagar	Útsendir seðlar	Greiðsludreifing	Lögmánsinnheimta	Alls
R-lán	1.3.02	6.365	4.397	410	11.172
R-lán	30.6.02	1.276	122	0	1.398
R-lán	1.9.02	4.920	4.604	233	9.757
S-lán	1.3.02	6.194	4.659	446	11.299
S-lán	1.9.02	5.667	5.075	312	11.054
V-lán	1.7.02	2.300	1.210	86	3.596
V-lán	1.11.02	1.987	1.217	63	3.267
Alls		28.709	21.284	1.550	51.543

Miðað við árið áður fjölgaði þeim umtalsvert sem kusu að deila afborgun námslána niður á fleiri en eina greiðslu. Það voru um 41,3% greiðenda sem nýttu sér greiðsludreifingu viðskiptabanka eða LÍN-greiðsludreifingu, sem sjóðurinn bauð upp á

frá og með haustinu 2001. Árið 2001 var hlutfall þeirra sem voru í greiðsludreifingu 33,6%. Sjóðurinn bauð upp á færslu afborgunar í einu lagi á Visa eða MasterCard kreditkort frá og með 1. september 2002. Voru það einkum greiðendur búsettir erlendis sem nýttu sér þessa þjónustu. Eins og undanfarin ár voru sendar út ítrekanir til greiðenda í vanskilum. Í framhaldi af ákvörðun stjórnar um að færa eindaga nær gjalddaga og flýta útsendingu ítrekana gátu greiðendur sem ekki greiddu á réttum tíma fengið þrjár ítrekanir áður en til þess kom að afborgun væri send í lögmannsinnheimtu. Seinni tvær ítrekanirnar voru jafnframt sendar til ábyrgðarmanna. Alls voru sendar út 21.704 ítrekanir til námsmanna vegna fastrar og/eða tekjutengdrar

afborgunar á árinu 2002, þar af 9.382 sem fyrsta ítrekun, 6.845 sem önnur ítrekun og 5.477 sem lokaviðvörðun.

Árlega fær sjóðurinn upplýsingar frá Ríkisskattstjóra um tekjur þeirra greiðenda af námslánum sem búsettir eru á Íslandi, en greiðendur búsettir erlendis verða á hinn bóginn sjálfir að koma staðfestum tekjuupplýsingum til sjóðsins. Ef upplýsingar um tekjur greiðenda bárust ekki tímanlega voru þær áætlaðar af sjóðnum, að þessu sinni annað hvort 6,0 m.kr. eða tvöfaldar eftirstöðvar námslánsins, eftir því hvor fjárhæðin var hærrí. Þann 12. ágúst 2002 voru tekjur 2.327 greiðenda áætlaðar sem var nokkru færra en árið áður.

9. Tölur

9.1 Útlán.

Tafla 1: Mánaðalegur framfærslukostnaður

Land	Mynt	Upphæð	Land	Mynt	Upphæð
Argentína	USD	713	Kína	USD	536
Austurríki	EUR	1.235	Kosta Ríka	USD	800
Ástralía	AUD	1.395	Kýpur	CYP	1.203
Bandaríkin A	USD	1.461	Litháen	USD	779
Bandaríkin B	USD	1.293	Lúxemborg	EUR	757
Belgía	EUR	795	Malasía	MYR	1.650
Brasilía	BRR	1.167	Mexíkó	USD	1.293
Danmörk	DKK	6.918	Norður-Írland	GBP	811
England	GBP	811	Noregur	NOK	7.376
London	GBP	902	Nýja-Sjáláland	NZD	1.686
Filippseyjar	USD	749	Perú	USD	654
Finnland	EUR	855	Portúgal	EUR	630
Frakkland	EUR	884	Pólland	USD	563
París	EUR	972	Rússland	USD	889
Færeyjar	DKK	6.918	Skotland	GBP	811
Grikkland	EUR	947	Spánn	EUR	867
Holland	EUR	840	Suður-Afríka	EUR	605
Hong Kong	HKD	963	Sviss	CHF	2.128
Írská lýðveldið	EUR	959	Svíþjóð	SEK	7.619
Ísland	ISK	75.500	Tékkland	CZK	21.319
Ísrael	ILS	5.189	Tæland	EUR	660
Ítalía	EUR	1.008	Ungverjaland	HUF	252.704
Japan	JPY	162.535	Wales	GBP	811
Jordanía	JOD	226	Þýskaland	EUR	874
Kanada	CAD	1.255	München	EUR	961

Tafla 2: Fjöldi námsmanna og upphæð námslána skipt eftir löndum

Land	Umsækjendur	Lánþegar	Námslán	Meðaltal	Land	Umsækjendur	Lánþegar	Námslán	Meðaltal
Argentína	1	1	1.461.123	1.461.123	Portúgal	1	0	0	0
Austurríki	31	30	37.212.942	1.240.431	Rússland	5	4	3.288.733	822.183
Bandaríkin	507	425	459.693.017	1.081.631	Skotland	58	52	96.680.254	1.859.236
Belgía	16	11	8.449.102	768.100	Spánn	62	45	36.118.732	802.638
Danmörk	998	817	644.128.690	788.407	Sviss	25	20	26.722.067	1.336.103
England	228	206	309.900.383	1.504.371	Svíþjóð	137	102	61.847.365	606.347
Finnland	17	13	7.585.712	583.516	Tæland	1	1	554.476	554.476
Frakkland	35	32	24.114.374	753.574	Tékkland	5	5	1.963.545	392.709
Færeyjar	1	0	0	0	Ungverjaland	14	12	10.764.264	897.022
Grikkland	1	1	548.372	548.372	Wales	4	4	4.947.861	1.236.965
Holland	99	86	68.848.541	800.564	Ástralía	19	15	10.108.422	673.895
Kanada	35	30	19.594.561	653.152	Írská lýðveldið	3	2	1.376.510	688.255
Kosta Ríka	4	4	6.080.798	1.520.200	Ísland háskólanám	6.284	5.090	2.800.102.359	550.118
Kína	3	3	765.127	255.042	Ísland sérnám	1.023	787	473.366.092	601.482
Litháen	1	1	820.643	820.643	Ítalía	65	59	46.555.862	789.082
Noregur	72	55	44.360.432	806.553	Þýskaland	98	80	50.045.839	625.573
